

Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

FEBRÚAR 2014

2. tbl. 21. árg.




S. 581 15 15

3 staðir 1 símanúmer

Gnoðaryogi 44 - Ánanaustum og Eddufelli 6



Hólagarði og Arnarbakka



Ákveðið hefur verið að reisa líkamsræktarstöð við Breiðholtslaug. Gert hefur verið samkomulag við Þrek ehf. um þátttöku í uppbyggingu stöðvarinnar. Breiðholtslaugin hefur notið mikilla vinsæld um árabíl og tæpast mun draga úr þeim með tilkomu líkamsræktarstöðvar. Myndin var tekin að kvöldi laugardagsins 15. febrúar sl. en þá fór fram fljótandi slökun í lauginni í tilefni af vetrarhátíð í Reykjavík. Sjá nánar á bls. 2.

Lyfjaval

A P Ó T E K
ÁLFTAMÝRI • MJÓDD

BÍLAAPÓTEK
HÆÐASMÁRA 4
opið 10-23 alla daga



PANTABU
Á NETINU

www.dominos.is sími 58-12345



Slökkvitækja-þjónustan

☎ 564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leitið tilboða!

Það borgar sig að byrja strax

Þú finnur allt sem skiptir máli um lífeyrissparnað á landsbankinn.is/istuttumali.

Landsbankinn Mjódd landsbankinn.is 410 4000



ÓDÝRARI LYF Í HÓLAGARÐI

 **Apótekið**
-einfalt og ódýrt

Opið: Mán-fös: 10.00 -18.00 • Lau: 10.00 -14.00

Góð tilboð!

Nautalundir
Verð áður 6.359 kr./kg.
Verð núna 5.498 kr./kg.

Nautainnralæri
Verð áður 4.239 kr./kg.
Verð núna 3.179 kr./kg.

Nautapiparsteik
Verð áður 4.769 kr./kg.
Verð núna 3.179 kr./kg.

Nautagúllash
Verð áður 3.129 kr./kg.
Verð núna 2.299 kr./kg.

Nautasnitzel
Verð áður 3.179 kr./kg.
Verð núna 2.539 kr./kg.

MS Konudagsostakaka
Verð áður 1.298 kr.
Verð núna 1.098 kr.

MS Grjónagrautur
Verð áður 320 kr.
Verð núna 279 kr.

MS LGG
Verð áður 531 kr.
Verð núna 419 kr.



Bín verslun
SELJABRAUT 54 • SÍMI 557 1780 - 577 1788
- á traustum grunni

Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Vesturgötu 15 • 101 Reykjavík • Sími: 511 1188

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Landsprent ehf.

2. tbl. 21. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

Margt að gerast í Breiðholti

Engin lognmolla er yfir lífinu í Breiðholti nú sem endra nær enda margt að gerast. Í fyrsta lagi má nefna væntanlega kosningu íbúa um framkvæmdaverkefni sem flest miða að bættu umhverfi. Reynslan sýnir að sú aðferð að bjóða ákveðna fjárveitingu og fela íbúum síðan að kjósa um áhugaverð og skemmtileg úrbótaverkefni hefur gefist vel. Full ástæða er til að hvetja hverfisíbúa til þess að taka þátt í þessum kosningum og velja hvað þeir vilja sjá framkvæmt.

Nú hefur verið ákveðið að byggja líkamsæktarstöð við Breiðholtslaug og gerðir samningar við Þrek ehf. um þátttöku í verkefninu. Breiðholtslaug hefur notið mikilla vinsælda í gegnum árin og er viðkoma þar fastur liður í tilveru margra Breiðhylltinga og annarra því vinsælda laugarinnar gætir langt úr fyrir hverfamörkin. Sundsstaðir eru torg og pubbar nútímans einkum heitu pottarnir þangað sem fólk kemur til slökunar en einnig til þess að ræða dag og veg og landsins gagn og nauðsynjar. Með tilkomu líkamsæktarstöðvar við laugina hafa Breiðhylltingar eignast sína eigin rækt og líklegt má telja að hún muni njóta viðlíkra vinsælda í framtíðinni og laugin sjálf hefur gert og gerir.

Þessa dagana stendur undirbúningur kirkjulistahátíðar þeirrar fyrstu í Breiðholti sem hæst. Eru það organistar og kórstjórnar kirkjukóranna í hverfinu sem eiga hugmynd að henni og hafa veg og vanda af framkvæmdinni. Óflugt tónlistarlíf er í Breiðholti og munu Breiðhylltingar og aðrir án efa fá notið margra tónlistarperlna þá daga sem hátíðin stendur. Þetta er virðisgarvert framtak sem sýna mun það tónlistarlega afl sem byggðinni er búið.

Viðburðaríkur vetur stendur nú yfir í Meningarmiðstöðinni Gerðubergi. Starfsemi Gerðubergs nær yfir um þrá áratugi og hefur sífellt verið að eflast þann tíma. Í stofnun Gerðubergs fólst mikið framsýni á sinni tíð og enn hefur ekkert borgarhvefi eða borgarbyggð eignast viðlíka samastað fyrir menningu og listir. Skora má á Breiðhylltinga að nýta sér þá frjósemi sem býr í menningarmiðstöðinni.

Á þessum vettvangi hefur Breiðholtið stundum verið nefnt bær í borginni. Þegar litið er yfir mannlíf og viðburði í þessum rúmlega tuttugu þúsund manna vel afmarkaða borgarhluta verður varla um villst að það heiti ber nafn með rentu.

Vel heppnuð skæruliða-ljósaárás í Breiðholti



Hér má sjá eina af ljósárásunum. Mynd: Guerrilla Lighting.

Yfir hundrað manns komu og fylgdust með þegar skæruliðarnir í Guerrilla Lighting lýstu upp skammdegð með „ljósaárásun“ á illa lýst mannvirki í Breiðholti miðvikudagskvöldið 12. febrúar sl. Hópurinn leiddi áhorfendur á milli staða þar sem fagurllit lýsingin lýsti upp byggingar, leiktæki og fleiri illa upplýsta staði.

Árásirnar hófust í Fellaskóla og

var farið þaðan í Hólabrekkuskóla og á gervigrasið hjá Leikni. Stöðunum var umbreytt með ljósum og stóð hver ljósaárás aðeins yfir í nokkrar mínútur. Því var mikilvægt að vera vel vakandi til að missa ekki af sjónarspílinu. 40 manns á öllum aldri tóku þátt í ljósaárásinni og aðstoðuðu skæruliðana við viðburðinn.

Skæruliðarnir leiddu áhorf-

endur á milli staða og buðu upp á rjúkandi kakó eftir gönguna. Skæruliðahópurinn samanstendur af útskrifuðum nemendum og fyrsta árs nemenda í lýsingarhönnun í Tækniskólanum auk sjálfboðaliðum frá félagsmiðstöðvum í Breiðholti. Skæruliðarnir hafa nú þegar hafist handa við að skipuleggja næstu ljósaárás.

Hvað vilja Breiðhylltingar?

Tækifæri til þess að koma hugmyndum á framfæri verða á íbúafundi fyrir Breiðhylltinga sem verður haldinn Gerðubergi fimmtudaginn 20. febrúar kl. 17 til 18. Tilgangur fundarins er að upplýsa um ferli þeirra hugmynda sem hafa borist í Betri hverfi, hverjar verður hægt að velja um og hverjar ekki og af hvaða ástæðum.

Á fundinum gefst íbúum borgarhlutans kostur á að koma með athugasemdir og ábendingar ásamt því að koma skoðunum sínum um lýðræðisverkefnið almennt í borginni á framfæri.

Hvað vilja Breiðhylltingar – er spurning og yfirskrift hundarins. Vilja þeir setja upp frísbíggvöll við Keilufell neðan við Fella- og Hólakirkju. Vilja þeir koma upp ætigarði í efra Breiðholti eða setja upp leiktæki á leikvöll við Holtasel og Hæðarsel. Vilja þeir að ráðist verði í önnur verkefni. Allt þetta verður rætt á fundinum í Gerðubergi.



VT FASTEIGNIR ER FASTEIGNASALAN ÞÍN

Hafðu samband í síma 537-9988

Höfum á skrá ákveðna kaupendur að eftirtöldum eignaflokkum:

Sérbyli, verðmæti allt að kr. 50 milljónir.

2ja til 4ra herbergja íbúðum í Bakka-, Hóla-, Fella- og Seljahverfi, verðmæti allt að kr. 25 milljónir.

Finum fyrir mikilli eftirspurn eftir 4ra herbergja íbúðum í Seljahverfi.

Við erum búsett í hverfinu og þekkjum það vel.



Guðrún A. Aðalheiðard.
Sölufulltrúi
Sími 861 8046
gudrun@vtfasteignir.is



Kristinn Tómasson
Lögg. fasteignasali
Sími 820 6797
kristinn@vtfasteignir.is



Viðskiptatengsl eru okkar fag

Kjósum betri hverfi 2014



Dagana 11. – 18. mars verða haldnar hvetur alla íbúa í Reykjavík yfir 16 ára aldri til rafrænar hverfakosningar í Reykjavík. Íbúar að taka þátt í kosningunum og kynna sér kjósa þá á milli fjölmargra hugmynda sem verkefnin sem í boði eru.

fegra og bæta hverfin. Reykjavíkurborg

Virkjum íbúalýðræðið!

Hugmyndir í Breiðholti sem kosið verður um 11. -18. mars

Heiti verkefna	Verð í m.kr.
1 Setja upp frísbíggjuföll neðan við Fella- og Hólakirkju/Keilufell	2.500.000
2 Endurnýja gangstéttir í neðra Breiðholti (Bakkahverfi)	10.000.000
3 Fjölgun ruslastampa í Breiðholti, m.a. í nálægð við strætóskýli	4.000.000
4 Setja nýtt undirlag og nýjar körfur á körfuboltavöll við Blöndubakka/Dvergabakka	10.000.000
5 Gróðursetja ávaxtatré og berjarunna á völdum stöðum í Breiðholti	3.000.000
6 Endurnýja göngustíg við Skógarsel, meðfram Staðarseli	6.000.000
7 Endurnýja göngustíg frá Grænastekk og austur fyrir Lambastekk	25.000.000
8 Lagfæra gönguleið við norðurenda Núpa-, Ósa-, Prest- og Réttarbakka	2.500.000
9 Setja upp hraðablikkskilti á tvo staði á Arnarbakka	8.000.000
10 Setja upp hraðahindrun í Hraunbergi	2.000.000
11 Gróðursetja til skjóls austan Lamba-, Klyfja- og Kaldasels	5.000.000
12 Setja bekkir og ruslastampa á valda staði við gönguleið samsíða Reykjanesbraut, frá Árskógum í Kópavog	3.000.000
13 Setja hraðahindrun/þrengingu milli Lambasels og Kögursels	3.000.000
14 Bæta lýsingu við göngustíga í Seljahverfi m.a. við stíg milli Stuðlasels og Stallasels	6.000.000
15 Yfirfara og bæta stígalýsingu á svæðinu milli Vesturbergs og Fjölbautarskólans í Breiðholti	4.000.000
16 Leggja nýjan göngustíg á um 100 metra kafla frá Dvergabakka að Arnarbakka	7.000.000
17 Koma upp ætigarði í efra Breiðholti, á svæði milli Fella- og Hólabrekkuskóla	3.000.000
18 Endurnýja leiktæki og búnað fyrir börn og fullorðna í Fellahverfi samkvæmt leiksvæðastefnu	15.000.000
19 Gróðursetja tré, runna o.fl. til að fegra umhverfi götunnar Austurbergs	5.000.000
20 Setja hraðahindrun á Flúðasel í gönguleið að leikskólanum Jöklaborg	2.000.000

Alls verðmerkt 126.000.000

Fjárheimild hverfis 46.564.423



VIÐTALIÐ

Stór kirkjulistahátíð í uppsiglingu í Breiðholti

Djúp og breið nefnist fjölbreytt kirkjulistahátíð sem efnt verður til í Breiðholti dagana frá 25. mars næst komandi til fimmta apríl. Þetta er nýmæli í menningarstarfi í Breiðholti og raunar í bráðum hálfra aldar sögu þess. Hátíðin fer fram í öllum kirkjum í hverfinu og margt verður í boði. Undirbúningur er nú á fullri ferð og dagskrá hátíðarinnar að mestu tilbúin þótt en eigi eftir að hnýta lausa enda. Það eru organistarnir í kirkjunum þremur í Breiðholtinu sem hafa veg og vanda af hátíðinni þau; Örn Magnússon í Breiðholtskirkju, Guðný Einarsdóttir í Fella- og Hólakirkju og Tómas Guðni Eggertsson í Seljakirkju. Þau spjalla við Breiðholtsblaðið að þessu sinni og umræðuefni er kirkjulistahátíðin og fjölbreytt lista- og menningarlíf í Breiðholti.

„Fólk má ekki misskilja að þessi hátíð eigi eingöngu að snúast um kirkjutónlist hvorki sálmasöng eða trúarlegar tónsmíðar sögunnar. Hvorki Bach eða Buxtehude fá að vera með að þessi sinni,“ sagði Örn Magnússon tónlistarmaður og organisti í Breiðholtskirkju í upphafi spjalls við Breiðholtsblaðið. „Í stað þess að einbeita okkur að einni grein tónlistar er ætlunin að þetta verði fjölbreytt hátíð lista og menningar en eðli málsins samkvæmt þá verður tónlistin í stóru hlutverki.“ Örn segir öflugt tónlistarlíf hafa þróast í Breiðholtinu á undanförunum árum. Öflugur kirkjukórar og barnakórar starfa í hverfinu auk annarra kóra, Gerðubergskórsins og Seljanna sem hafi orðið til í tengslum við Seljakirkju og standa fyrir öflugum tónlistarstarfi. Síðan síðan starfa tveir tónskólar í Breiðholti, Tónskóli Sigursveins og Tónskóli Eddu Borg þar sem fólk á öllum aldri stundar tónlistarnám. Þá megi einnig geta Lúðrasveitar Árbæjar og Breiðholts en þaðan koma margt gott tónlistarfólk auk fleiri aðila sem leggja hátíðinni liðsemd sína.

Endað með stórtónleikum

Hátíðin mun hefjast laugardaginn 29. mars með upplestri skálda og tónlistarflutningi. Þar mun skáldin Sjón, Sigurður Pálsson, Sigurbjörg Prastardóttir og Vilborg Dagbjartsdóttir lesa úr verkum sínum. Tónlist verður flutt og kór hátíðarinnar sem telur allt að 100 manns mun syngja. Kórin stendur saman af kirkjukórnum þremur í Breiðholti, barnakórnum kirknanna og öðrum kórum í hverfinu auk Lögreglukórsins sem fengin var til samstarfs vegna hátíðarinnar en Tómas Guðni Eggertsson organisti í Seljakirkju er kórstjóri þar á bæ. Daginn eftir verða messur og fermingar í kirkjunum en strax á mánudeginum mun hátíðin halda áfram með sýningu Möguleikhússins sem mun sýna leikverkið Eldklerkin í Seljakirkju. Á þriðjudeginum verða tónleikar Spilamanna Ríkis í Breiðholtskirkju þar sem fortíðin fær að njóta sín því þeir



Örn Magnússon organisti í Breiðholtskirkju, Guðný Einarsdóttir, organisti í Fella- og Hólakirkju og Tómas Guðni Eggertsson organisti í Seljakirkju.

ætla að leika tónverk frá miðöldum og endurreisnartímanum og meðal annars verður leikið á forn hljóðfæri. Gerðubergskórinn mun síðan syngja í Fella- og Hólakirkju þennan sama dag. Miðvikudaginn 2. apríl munu Seljurnar flytja tónlist við bænastund sem fram mun fara í kirkjunni í hádeginu. Á fimmtudagskvöldið 3. apríl verður barnatónleikar æskunnar í Seljakirkju þar sem barnakórar kirknanna munu koma fram ásamt lúðrasveit Árbæjar og Breiðholts og nemendum tónaskólanna tveggja Sigursveins og Eddu Borg. Kvöldið eftir föstudagskvöldið 4. apríl verður jazzveisla í Fella- og Hólakirkju þar sem nokkrir af fremstu jazzpíanistum þjóðarinnar munu spinna út frá stefnum eldri og yngri sálmalaga. Lokatónleikar hátíðarinnar verða síðan í Fella- og Hólakirkju 6. apríl. Þar munu kórar kirknanna þriggja flytja ásamt kamarsveit og Mörtu Guðrúnu Halldórsdóttur óperusöngkonu Requien eftir John Rutter undir stjórn Guðnýjar Einarsdóttur organista og kórstjóra í Fella og Hólakirkju. Kór Kópavogskirkju og Lögreglukórinn í Reykjavík verða gestir á þessum tónleikum. Örn Magnússon segir að þetta verði hápunktur hátíðarinnar og flytjendur á tónleikunum nokkuð á annað hundrað manns.

Ætlunin er að efna til listsýninga í tengslum við hátíðina en þau Örn, Guðný og Tómas segja þann lið enn í mótum. Ekki sé endanlega búið að ákveða hverjir taki þátt listsýningum eða hvernig uppsetningu þeirra verður hátt að. Þar eigi eftir að hnýta nokkra lausa enda. Undirbúningar sé þó komin það vel á veg að ljóst megi verða að um listsýningar verður að ræða.

Vonandi komið til að vera

Örn, Guðný og Tómas segja að um mikið tónlistarlíf sé að ræða í Breiðholtinu. Hugmyndin að hátíðinni hafi orðið til eftir umræður um hvernig sameina mætti þá krafta sem eru að baki tónlistarlífinu. Guðný segir að organistarnir starfi mikið einir hver í sinni kirkju og því tilvalið fyrir þá að efna til samvinnu við aðra flytjendur hvað þá samstarfs af þessu tagi sem listahátíðin er. Þau segja að reynslan verði að segja til um framhaldið en hugmyndi sé að efna tilviðburða af svipuðu tagi öðru hvoru. „Ég veit ekki hvort grundvölur er fyrir að gera þetta á hverju ári en alla vega ætti að vera hægt að gera þetta annað hvert ár. Halda svona Breiðholts tvíæring á sviði menningar og lista,“ segir Örn.

„Alla vega vonumst við til þess að þetta geti orðið fastur viðburður í lífi Breiðholtsins,“ segir Guðný. Þau Örn Guðný og Tómas segja að til greina koma að teygja þetta út til fleiri greina til þess að nálgast fleira fólk og gefa því tækifæri til þess að koma saman. „Við viljum gjarnan tengja þetta við þá fjölbjóðlegu menningu sem er að skapast hér í Breiðholtinu því þar býr fólk af mörgum þjóðernum,“ segir Tómas og Örn bætir við að hugsanlega megi tengja þetta sviðum eins og matarmenningu. Fólk geti komið saman og kynnt mismunandi matarmenningu og matargerðarlist í tenglum við aðra listviðburði. Þau segja að allt eigi þetta að geta farið saman og markmiðið sé einnig að nýta kirkjurnar og fá fólk inn í þær þótt ekki sé um hefðbundnar kirkjulegar athafnir að ræða og trúariðkun sé ein hlið menningar. „Við organistarnir erum að starfa í þjónustu kirkjunnar og kirkjan og listin eru í einu faðmlagi. Öll tónlistariðkun er hluti af lofgjörd og því guði þóknarleg. Trúin og listin eru nátengdar hvar sem til er litið eins og best sést að bæði tónlistarmenn og myndlistarmenn sækja sér gjarnan efnivið í trúarlega menningu auk þess sem bæði kirkjan og trúin kemur víða inn á hinn mannlega þátt rétt eins

og listin. Þarna er nálgunin við góða, fagra og fullkomna á ferðinni hvaða leið sem menn fara til þess að nálgast það,“ segir Örn.

Ótrúlega stór hópur

„Það segja að nú sé lag til að nálgast þetta með þeim hætti sem ákveðið hefur verið með kirkjulistahátíðinni í Breiðholti. Ástæða þess sé ekki síst sú að borgaryfirvöld hafa að undanförunu sýnt Breiðholtinu sérstakan áhuga og eru að styrkja þennan viðburð. Hugsunin var að fá einkum fólk sem tengist Breiðholtinu eða á rætur þar til þátttöku og flestir þeirra eiga einhverjar tengingar við byggðina og samfélagið þar. Við náum aldrei til allra með einni listahátíð af þessu tagi en hún getur vonandi orðið til þess að fleiri gefi sig fram. Ótrúlega stór hópur kemur að tónlistarlífinu. Margt fólk hefur alist upp í lúðraveitunum og fengið sitt tónlistarlega uppeldi þar og tónlistarlíf hefur einnig þróast í tengslum við skólana ekki síst Fjölbrotaskólann. Þetta er eiginlega eins og suðupottur þegar litið er yfir allt sviðið og því það ekki að sameina kraftana og gera eitthvað stórt og eftirtektarvert,“ segja þau Örn, Guðný og Tómas að lokum.

Fab Lab í Eddufelli tekið til starfa

Fimmta Fab Lab smiðja landsins eða framköllunarstofu hugmynda hefur verið opnuð í Breiðholti. Breiðhyltingar og aðrir borgarbúar get nú hrint hugmyndum sínum í framkvæmd með hjálp fagmanna. Formaður borgarráð sýndi lipra takta með laserskera við opnun Fab Lab smiðjunnar í Eddufelli.

Í Fab Lab deilir fólk þekkingu sinni á milli manna og það er ætlast til þess þú deilir líka þinni þekkingu. Við hjálpumst öll að við að framkalla hugmyndir hvers annars,“ segir Frosti. „Það er draumur að rætast. Þetta er mjög spennandi og gefur okkur mikið tækifæri,“ segir Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, skólameistari Fjölbautaskólans í Breiðholti en FB er einn aðila á framköllunarstofunni. „Þeir kennarar sem hafa komið með nemendur sína hingað inn þeir tala um að nemendur fái ekki út aftur. Það er algjörlega nýtt því yfirleitt bíða nemendur eftir því að tíminn klárast.“

Undirbúningur í hálf ári

Undirbúningur smiðjunnar hefur staðið yfir í hálf ári, en í smiðjunni munu ungir sem aldnir fá tækifæri til að þjálfa sköpunargleðina og hrinda hugmyndum sínum í framkvæmd með því að hanna, móta og framleiða hluti með aðstoð stafrænnar tækni. Nýsköpunarmiðstöð Íslands mun hafa umsjón með verkefninu, daglegum rekstri smiðjunnar og sjá um þjálfun kennara grunn- og framhaldsskóla, sem stefna vilja á



Þorsteinn Ingi Sigfússon forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Dagur B. Eggertsson formaður borgarráðs og Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir skólameistari FB þegar samningur um Fab Lab í Eddufelli hafði verið undirritaður.

nýsköpun í námi nemenda sinna. Þar er ýmis konar tækjabúnaður, t.d. stór fræsivél til að búa til stóra hluti úr tré og plasti, lítil fræsivél til að fræsa rafrásir eða í þrívídd til mótagerðar, þrívíddarprentari, laserskerar til að skera út hluti í t.d. pappa, plexíglær, MDF eða við og merkja í gler, svo dæmi séu tekin. Þá verður í smiðjunni vinylskeri til að skera út límíðafilmur og koparfilmur til að

gera sveigjanlegar rafrásir.

Í smiðjunni verður einnig raf-eindabúnaður, sem hægt er að lóða á rafrásabrettin og forrita ásamt ýmsum gerðum af skynjurum. Þá verður einnig þrívíddarskanni og fjöldi tölvu, hlaðinn opnum og frjálsum hugbúnaði til þess að hanna og búa til nánast hvað sem er.

Áhrif líkamsræktar á eldra fólk skoðuð

Líkamsrækt eldri borgara er jafnan á dagskrá og nú er leit að er eftir þátttakendum af báðum kynjum á aldrinum 65 til 85 ára til að taka þátt í rannsókn á áhrifum líkamsræktar á líkamlega og vitræna virkni meðal aldraðra.

Rannsóknin tekur 12 vikur og felst í að þátttakendur í rannsókninni koma reglulega á líkamsræktarnámskeið í 12 vikur. Þátttakendur gera sjálfir æfingar heima

hjá sér á tímabilinu. Þátttakendur gangast undir mælingar og svara spurningum fyrir og eftir námskeiðið.

Þeir sem hafa áhuga á að fá frekari upplýsingar eða hafa áhuga á þátttöku í ofangreindri rannsókn geta fengið frekari upplýsingar í síma 616 9459, 867 8624 eða sent fyrirspurn á netfangið changmilan@gmail.com & reinasol@hotmail.com. Líkamsræktarnámskeiðið verður sem

hluti af rannsókninni er þátttakendum að kostnaðarlausu. Tekið skal fram að þeir sem hafa samband eru með því aðeins að lýsa yfir áhuga sínum á því að fá frekari upplýsingar, ekki að skuldbinda sig til þátttöku. Þeir sem taka þátt í rannsókninni geta hvenær sem er dregið sig út úr henni án þess að gefa sérstaka ástæðu fyrir ákvörðun sinni.

NOTALEGT ANDRÚMSLOFT
...OG NÓG PLÁSS FYRIR BARNAVAGNA

KÖKUR OG KRUBERÍ - ILMANDI KAFFI - BRÁÐHOLL BOOST

2 FYRIR 1 AF KÖKUM OG KAFFI Á SPÍRUNNI
GEGN FRAMVÍSUM ÞESSA MIÐA
GILDIR TIL 31. MARS 2014

GARÐHEIMAR • STEKKJARBAKKA 6 • 540 330
SPÍRAN
BORDUM VEL
BISTRO • BEINT FRÁ BÖNDA

**Ræstingar / Teppahreinsun
Steinteppahreinsun / Bónvinna
Meðhöndlun Náttútusteins
Hreingerningar / Flutningsþrif
Húsfélagapjónusta ofl.**

Ræsting og Ráðgjöf ehf

**Afhliða hreingerningarpjónusta
S. 519 7500 • 770 4630
www.clean.is**

APENA
HÁRSNYRTISTOFA

Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053

SPILAKAFFI MYNDLIST BARNADAGSKRÁ HEIMSPEKIKAFFI

BÓKAKAFFI TÓNLIST

Á DAGSKRÁ
Í GERÐUBERGI
JANÚAR
TIL
JÚNÍ
2014
VERIÐ VELKOMIN!

ALLTAF
EITTHVAÐ
ÁHUGAVERT
AÐ GERAST

Menningarmiðstöðin Gerðuberg | Gerðubergi 3-5 | 111 Reykjavík | Sími 575 7700 | gerduberg@reykjavik.is | www.gerduberg.is

Spilakaffi í Gerðubergi

Nýr viðburður hóf göngu sína í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi í janúar. Nefnist hann spilakaffi og er unnin í samstafi við Spilavini. Spilakaffi er opið spilakvöld þar sem fólk getur komið saman og fengið leiðsögn og/eða fylgst með skemmtilegum spilum.

Á öðru Spilakaffi ársins kynntu Spilavinir fyrir gestum orðaspil á nokkrum tungumálum, eins og t.d. Orðaskak, Fitz it, Sprengjuspilið, Kaleidos og

Word on the Street. Dagskráin í Gerðubergi á miðvikudagskvöldum skiptist í Handverkskaffi fyrsta miðvikudagskvöldið í mánuði, Spilakaffi annað miðvikudagskvöldið, Heimspekikaffi það þriðja og Bókakaffi fjórða miðvikudagskvöldið í mánuðinum. Markmiðið með þessum kvöldum er að gefa gestum kost á að kynnst áhugaverðum umfjöllunarefnum í notalegu umhverfi.

Albönsk menning kynnt í Gerðubergssafni

Albanir kynna menningu sína í Café Lingua í Borgarbókasafninu í Gerðubergi - Gerðubergssafni laugardaginn 22. febrúar n.k. kl. 14. Með kynningunni vill Mirela Protopapa og Vatra, félag Albana á Íslandi gefa inn-sýn í albanska tungu og menningu. Gestum gefst tækifæri til að kynnst albanskri sögu, náttúru, matarvenjum, búningum, hlusta á tónlist og læra nokkur orð á albönsku.

Vissir þú að Móðri Teresa var albönsk? Vissir þú að Albanir leggja líf sitt að veði til að efna loforð sín (Besa)? Kannastu við „sworn virgin“? Vatra, félag Albana á Íslandi var stofnað í Gerðubergi 1. desember síðastliðinn. Markmið félagsins er að búa til vettvang fyrir Albani sem búa á Íslandi til að huga að menningu síns heimalands og vinna með sambærilegum félögum hérlandis og erlendis. Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að stuðla að menningarlegum viðburðum, koma á móðurmálskennslu fyrir börn og íslenskukennslu fyrir fullorðna. Jafnframt vill félagið gera menningu Albana sýnilega á Íslandi og stuðla að aðlögun Albana á Íslandi.

Allir eru velkomnir og þátttaka ókeypis. Kaffi og te á könnunni. Börnin eru velkomin með í Café

Lingua og geta dundað sér við lestur bóka og teiknað og lítað.

In English

In Borgarbókasafninu Gerðubergi - Saturday 22. February at 2 pm. Did you know that Mother Teresa was Albanian? Do you know that Albanians bet their life on the promises they make (Besa)? Do you know what „sworn virgin“ is? Mirela Protopapa and Vatra, the Association of Albanians in Iceland, will give us an insight into Albanian language and culture. You will get an opportunity to get to know about the history, nature, food, costumes, enjoy some music and learn some words in Albanian. Vatra was founded in Gerðuberg on the 1st of December 2013. The objectives of the association is to establish a forum for Albanians in Iceland to promote their culture and collaborate with similar associations. They will support the organization of cultural events, courses in Albanian for children and in Icelandic for adults and last but not least support the social integration of Albanians in Iceland. Everybody is welcome! Coffee and tea and free entry. Children are welcome. Books, paper and colours for the small ones.

Viðburðaríkur vetur í Gerðubergi

Viðburðadagskrá Gerðubergs fyrir fyrri helming ársins hefur verið dreift í hús í Breiðholti og þar ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi. Fimm listsýningar eru nú í húsinu en það er hin árlega sýning á myndskreytingum barnabóka, þetta vilja börnin sjá!, Óradrög, sýning Bjarna Ólafs Magnússonar, olíumálverk Helgu Jónasdóttur í Boganum, svarthvítar landslagsljósmyndir Jóhannesar Franks Jóhannessonar í kaffihúsinu og nýverið var opnuð sýningin Af hjartans list, þar sem listamenn frá Sólheimum sýna fjölbreytt lista- verk unnin úr ólíkum efni viði.

Í lok mars munu frænkurnar Hlíf Leifsdóttir og Lilja Guðmundsdóttir sýna málverk og textílvörk í Boganum og í byrjun apríl opnar viðamikil frímerkjasýning, Merkileg merki, þar sem sýnd verður hugmyndavinna, skissur og teikningar Þrastar Magnússonar sem um árabíl var afkastamikill frímerkjateiknari. Þá verður ýmis fróðleikur um íslensk frímerki og frímerkjasöfnun fyrir og nú.

Börnin velkomin í Gerðuberg

Öskudagurinn nálgast óðum og að venju verður boðin föndursmiðja þar sem börnin geta gert sinn eigin bolluvönd og öskupoka. Allt efni verður á staðnum og er smíðjan í samstarfi við Heimilisiðnaðarfélag Íslands. Á sjálfan öskudaginn verður svo líf og fjör í húsinu þegar Edda Borg og hljómsveit leika fyrir dansi og trúðurinn Wally sýnir sirkuslistir með dyggri aðstoð gesta. Enginn krakki ætti að missa af öskudagsgleðinni. Laugardagar eru barnadagar í bókasafninu og þar verður fjölskyldum boðið að koma í páska-föndur viku fyrir páska. Þá verður listsmiðja í tengslum við stóru frímerkjasýninguna þar sem börnum býst að kynnst leyndardómum frímerkja og gera sitt eigið póstkort eða bréf. Smíðjan er á dagskrá Barnamenningarhátíðar í Reykjavík í maí.

Miðvikudagskvöld í kaffihúsinu

Undanfarin misseri hefur verið boðið upp á dagskrá í Gerðubergi flest miðvikudagskvöld og hafa þessir viðburðir laðað að breiðan hóp fólks með mismunandi áhugasvið enda er dagskráin fjölbreytt. Nýjung á dagskránni nú er Spilakaffi en það eru Spilavinir sem hafa umsjón með þessum kvöldum. Þar gefst tækifæri til að læra skemmtileg spil af ýmsu tagi. Í mars verða rifjuð upp gömlu góðu borðspilin þar sem spilastokkurinn er allt sem þarf. Tilvalið tækifæri fyrir fjölskyldur til að eiga saman skemmtilega kvöldstund. Eins og önnur miðvikudagskvöld er aðgangur ókeypis og allir velkomnir sem á annað borð mega vera úti á kvöldin.

Handverkskaffi, Heimspekikaffi og Bókakaffi eru á sínum stað. Handverkskaffið er fyrsta miðvikudag hvers mánaðar og í mars mun Félag íslenskra eldismiða kynna eldsmíði. Í apríl verður heldur finlegra handverk kynnt þegar Edda Lilja Guðmundsdóttir mun kenna gestum að hekla íslensk blóm eftir mynsturteikningum.

Gunnar Hersveinn ræðir heimspekina

Heimspekikaffið verður sem fyrr í umsjón Gunnars Hersveins sem leiðir gesti í lífandi umræðu um mikilvæg málefni í samfélaginu og fær til sín góða gesti. Heimspekikaffið hefur verið vel sótt og vinsælt undanfarin misseri, en þar er fjallað á mannamáli um mikilvæg efni og



Mynd úr sýningu Bjarna Ólafs Magnússonar Óradrög.



Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikar og konsertmeistari.

gestir taka virkan þátt í umræðum. Margir hafa fengið gott veganesti eftir kvöldin eða a.m.k. eitthvað til að ihuga nánar og ræða heima eða á vinnustað sínum.

Bókakaffið vinsælt

Bókakaffið er samvinnuverkefni menningarmiðstöðvarinnar og bókasafnsins í Gerðubergi. Í lok febrúar fjallar Gunnþórunn Guðmundsdóttir um sjálfsævisögur og væntingar okkar til þeirra, kröfur um sannleiksgildi og trúnað. Í mars mun Magnús Jónsson fjalla um Egil Skallagrimsson, bernskuár hans, sonamissi og glímuna við sorgina. Síðasta bókakaffi vorsins verður óhefðbundið að því leyti að gestir verða leiddir í bókmenntagöngu frá Gerðubergi. Leiðsögumaður verður Björn Unnar Valsson sem beinir sjónum að ljóðum sem kallast beint á við Breiðholtið eða ákveðna þætti í landslagi hverfisins.

Tunga og menning

Café Lingua sem er verkefni Borgarbókasafnsins hefur nú hafið samstarf við ýmsar stofnanir og verður boðið upp á fjölbreytta og áhuga-verða dagskrá fram á vorið. Í Gerðubergi verður albönsk menning kynnt í febrúar og í apríl kemur áhuga-fólk um tungumál, mannlíf og samskipti saman í kaffihúsinu og fræðist um filippeyska menningu. Íslensk tunga og menning verður einnig til umfjöllunar því um miðjan mars verður árleg barna- og unglingabókaráðstefna. Yfirskrift ráðstefunnar að þessu sinni er Kveikjum eld og verður fjallað um skemmtilegar leiðir til að kveikja áhuga barna á lestri.

Klassík í hádeginu

Tónlistin verður á sínum stað. Tvennir hádegistónleikar verða í röðinni Klassík í hádeginu sem Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari



Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari.



Nú stendur yfir sýning eftir fimmtán listamenn sem búsettir eru á Sólheimum í Grímsnesi. Meðal þess sem fyrir augu ber eru málverk á striga sem sýna fugla, fiska, skrimsli og aðrar kynjaverur.

stýrir. Auk hennar koma fram Guðný Guðmundsdóttir fiðluleikari og Þóra Einarsdóttir sópran. Hver dagskrá verður flutt tvisvar, á föstudegi og sunnudegi. Aðgangur er ókeypis og fyrri tónleikarnir verða 28. febrúar og endurfluttir 2. mars.

Menningarmiðstöðin Gerðuberg er lífandi hús þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Í kaffihúsinu má fá léttar máltíðir og að sjálfssögðu eru girnilegar kaffiveitingar í boði. Á heimasíðu Gerðubergs má sjá matseðil næstu viku og geta eldri borgarar pantað mat með sólarhrings fyrirvara. Í húsinu er einnig rekið bókasafn og félagsstarf auk þess sem leigðir eru út salir og fundarherbergi fyrir námskeið, ráðstefnur og fleira. Menningarmiðstöðin, kaffihúsið og bókasafnið verða í vetur opin kl. 13–16 um helgar. Frekari upplýsingar um viðburði og opnunartíma Gerðubergs á www.gerduberg.is verkefnastjóri í Gerðubergi er Margrét Baldursdóttir. margret.baldursd@reykjavik.is, s. 770 7717 og 699 3253.



BÍLASPRAUTUN OG RÉTTINGAR AUÐUNS

TOYOTA-þjónusta

- Gæðavottað verkstæði af Bílgreinasambandinu
- Bílaleigubíll á meðan viðgerð stendur
- Frí tjónaskoðun og föst verðtilboð
- 5 stjörnur frá Sjóvá






Réttum og málum allar tegundir bíla

GÆÐAVOTTAD VERKSTÆÐI

Nýbýlavegi 10 · Kópavogi · Sími 554 2510

www.bilasprautun.is

Ökuhermir í Ökuskólanum

Nú geta ökunemar við Ökuskólinn í Mjódd upplifað að aka við margvísleg akstursskilyrði og að gera flest þau mistök sem hlægt er í umferðinni. Segja má að um tækniþyrlingu hafi orðið að ræða í ökunámi þegar skólinn tók nýjan ökuhermi í notkun fyrir skömmu. Með tilkomu hans er hægt að kenna ungum ökumönnum að aka í myrkri, rigningu, þoku og í snjó þótt sólin skíni úti. Einnig er hægt að framkalla ótrúlegustu aðstæður til að glíma við á skjánum. Hermirinn byggir á sambærilegri tækni og hermar sem notaðir eru við kennslu og þjálfum flugmanna og einnig skipstjórnarmanna.

Guðbrandur Bogason forstöðumaður skólans og ökukennari segir að þótt hermírin hafi aðeins verið í notkun í nokkrar vikur hafi hann sannað kosti sína. Þjálfun í ökuherminum sé þó einungis viðbót við annað ökunám en komi ekki í stað þess. Engu að síður sé hann sérstaklega hentugur að því leyti að unga kynslóðin í dag er fljót að læra og nýta sér skjátæknina og tileinka sér þannig aðstæður sem ekki eru daglega í boði út í náttúrunni. Má þar nefna akstur í myrkri og vetrarfærð auk annarra aðstæðna.

Viðbragðsflytir og kúpling

Þórður Bogason ökukennari segir að hermírin nýtist til margháttaðrar kennslu. Hann sýni til dæmis á viðbragðsflyti á myndrænan hátt og hversu langa vegalengd ökutæki þarf til þess að stöðva frá því ökumaðurinn tekur viðbragð, stígur á bremsu og þar til það hefur stöðvast. Þetta sé mikilvægt atriði í allri ökukennslu og það hjálpi nemendum mikið að geta skoðað þetta með myndrænum hætti á tölvuskjánum. Annað sem hermírin auðveldar nemendum mjög er að hægt er að kenna fólki á kúplinguna og að taka af stað í honum. Með myndrænum hætti er hægt að skoða hvað gerist þegar vél og drifbúnaður bíls tengist saman þegar kúplingunni er sleppt og bíllinn fer af stað. Þórður segir að sú myndæra sýn sem framkalla megi í herminum auðveldi mörgum að skilja hvað fer fram í bílnum og þar með að kenna þeim að taka af stað.

Mjög gott æfingatæki

Viðbragðsflytir og kúpling eru þó aðeins brot af því sem hermírin sýnir og aðstæður sem fólk getur kallað fram og brugðist við. Veður og færð eru þar á meðal og einnig fjölbreytni umferðamannvirkja hvort sem um hraðbrautir og stórar umferðarbrautir er að ræða eða þéttbýlisumferð sem kallar á allt annað aksturslag. Hermírin byggir á staðalmyndum þannig að ekki er hægt að framkalla nánasta þekktan-

legt umhverfi á skjánum – hvorki Miklubrautina, Bakkana í Breiðholti eða Þingholtin svo dæma sé getið. Slíkt á þó ekki að koma að sök þar sem staðalmyndirnar eru mjög skýrar og bjóða upp á margvíslega möguleika. Þórður segir að þótt hermírin sé einkum ætlaðu fyrir ökunema þá geti fólk notað hann til þess að æfa sig við akstur og viðhalda þannig hæfni sinni. Ætlunin sé að bjóða fólki upp á það í framtíðinni ef áhugi er fyrir því.

Heildarfræðsla um bílinn

Hermírin býður í raun upp á heildarfræðslu um bílinn. Samsetningu hans og hvernig stjórn-tæki hans virka. Einnig er hann gott kennslutæki til þess að kenna svonefndan vistakstur sem nú er að verða vinsæll á meðal fólks. Möguleikar hans eru nær óþrjótandi. Þeir Guðbrandur og Þórður segja að eftir þá reynslu sem fengin er af þessu kennslu- og æfingatæki ætti að gera nám í hermi að föstum hluta ökunáms-



Eins og sjá má er vítt til allra átta í ökuherminum. Þórður og Guðbrandur Bogasynir standa að baki.

ins. Norðmenn og Finnar hafi þegar skyldubundið herminám. Markmiðið sé að gera kennsluna betri og ungmenni sem hafa tekið hluta ökunámsins í herminum láti almennt vel af því. Þá má geta

þess að Ökuskólinn í Mjódd býður einnig upp á nám í hermi fyrir akstur stórra og lítilla vélhjóla. Allt frá vespum upp í Harley Davidson.



OPIÐ HÚS Í FB

Þriðjudaginn 11. mars

klukkan 17:00-18:30

Félagsfræðabraut – Málabraut – Náttúrufræðibraut – Myndlistarbraut
Textílbaut - Fatahönnun – Tölvubaut - Húsasmiðabraut – Rafvirkjabaut
Snyrtibraut – Sjúkrliðabraut - Íþróttabraut



Fjölbautaskólinn í Breiðholti - Austurbergi 5 - 111 Reykjavík
Sími 570 5600 - Símbref 567 0389 - Tölvupóstur: fb@fb.is

Gerðu góðverk í dag

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Fjölskyldumiðstöð í Gerðubergi

Ákveðið hefur verið að stofna fjölskyldumiðstöð í Gerðubergi. Nefnist hún Miðjan 111 og er markmið með starfseminni er að bjóða íbúum í Efra-Breiðholti upp á þjónustu sniðna að fjölbreyttum þörfum þeirra.

Skipað verður svonefnt innleiðingarteymi undir forystu hverfisstjóra Breiðholts. Hópurinn geri síðan tillögur að verklagi og aðgerðum og leiti ráðgjafar þeirra sem tilnefndir

eru í erindisbréfi auk annarra sem hópurinn kann að telja mikilvægt að eiga samráð við. Fyrsta verk hópsins verður til-laga að verk- og fjárhagsáætlun sem skilað verður til borgarráðs til samþykktar. Jón Gnarr borgarstjóri lagði fram tillögu um stofnun miðstöðvarinnar á fundi borgarráðs 6. febrúar sl. Borgar-ráð samþykkti í framhaldi af því að stofnuð verði fjölskyldumið-stöð við Gerðuberg.



Af hjartans list í Gerðubergi

Listsýningin Af hjartans list stendur nú yfir í í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi en sýningin var opnuð laugardaginn 15. febrúar sl.

Á sýningunni eru fjölbreytt listaverk úr ólíkum efniviði eftir fimmtán listamenn sem búsettir eru á Sólheimum í Grímsnesi. Meðal þess sem fyrir augu ber eru málverk á striga sem sýna fugla, fiska, skrímsli og aðrar kynjaverur. Teikningar og önnur myndverk af landslagi, dýrum og blómum eða óhlutbundnu myndefni gleða augað auk púða með útsaumuðum húsum, dýrum og persónum. Útsaumaðar veggmyndir af kirkjum, húsum, poppstjörnum, tónaflóði og litum auk skúlptúra unnum úr textíl eru til sýnis. Munir úr leir sýna fólk og fyrirbæri auk skúlptúra

túrs úr endurunnum efniviði af stórum fugli að passa egg.

Í listsköpuninni er lögð áhersla á fallett handverk, notkun náttúrulegs hráefnis og endurvinnslu. Verkin eru heillandi enda eiga þau það öll sameiginlegt að vera sköpuð af hjartans list. Listamennirnir eru; Ásta Hlíf Ágústsdóttir, Edda Guðmundsdóttir, Erla Björk Sigmundsdóttir, Guðlaug Elísabet Jónatansdóttir, Guðrún Lára Aradóttir, Guðrún Rósarlind Jóhannsdóttir, Hanný María Haraldsdóttir, Helga Dómhildur Alfreðsdóttir, Kamma Viðarsdóttir, Kristján Ellert Arason, Leifur Þór Ragnarsson, Ólafur Hauksson, Pálína Erlendsdóttir, Sigríður Jónsdóttir og Þorbjörg Sigurðardóttir

Kosið á milli 20 spennandi verkefna í Breiðholti

Listi verkefna fyrir Breiðholt sem kosið verður um í rafrænum hverfakosningum undir nafninu Betri hverfi 2014 er nú tilbúinn. Hverfisráð Breiðholts fór yfir 31 hugmynd sem bárust frá íbúum á vefinn Betri hverfi í nóvember. Hverfisráðið stillti upp 20 hugmyndum sem íbúar munu velja um í rafrænum hverfakosningum en kosið verður um verkefni í öllum hverfum borgarinnar dagana 11. til 18. mars næstkomandi.

Reykjavíkurborg hvetur íbúa í Breiðholti til að kynna sér verkefnin af kostgæfni og taka þátt í hverfakosningunum. Kosningarétt hafa allir sem voru orðnir 16 ára um síðustu áramót. Kosningarnar fara fram á sama hátt og tvö síðastliðin ár en íbúar í Reykjavík hafa nú þegar kosið yfir 200 verkefni til framkvæmda í hverfum borgarinnar, sem Reykjavíkurborg hefur framkvæmt eða eru á undirbúningsstigi. Síðastliðin tvö ár hefur Reykjavíkurborg varið 600 milljónum króna til verkefna sem íbúar velja sjálfir í hverfunum og verður 300 milljónum króna varið til slíkra verkefna í ár. Þar af fara 46.6 milljónir til verkefna í Breiðholti 2014. Hægt verður að kynna sér verkefnin betur á vef Reykjavíkurborgar reykjavik.is fyrir kosningarnar.

1	Setja upp frísbíolfvöll neðan við Fella- og Hólakirkju/Keilufell	2,500,000
2	Endurnýja gangstéttir í neðra Breiðholti (Bakkahverfi)	10,000,000
3	Fjölgun ruslastampa í Breiðholti, m.a. í nálægð við strætóskýli	4,000,000
4	Setja nýtt undirlag og nýjar körfur á körfuboltavölli við Blöndubakka/Dvergabakka	10,000,000
5	Gróðursetja ávaxtatré og berjarunna á völdum stöðum í Breiðholti	3,000,000
6	Endurnýja göngustíg við Skógarsel, meðfram Staðarseli	6,000,000
7	Endurnýja göngustíg frá Grænastekk og austur fyrir Lambastekk	25,000,000
8	Lagfæra gönguleið við norðurenda Núpa-, Ósa-, Prest- og Réttarbakka	2,500,000
9	Setja upp hraðablikkskilti á tvo staði á Arnarbakka	8,000,000
10	Setja upp hraðahindrun í Hraunbergi	2,000,000
11	Gróðusetja til skjóls austan Lamba-, Klyfja- og Kaldasels	5,000,000
12	Setja bekkir og ruslastampa á valda staði við gönguleið samsíða Reykjanesbraut, frá Árskógum í Kópavog.	3,000,000
13	Setja hraðahindrun/þrengingu milli Lambasels og Kögursels.	3,000,000
14	Bæta lýsingu við göngustíga í Seljahverfi m.a. við stíg milli Stuðlasels og Stallasels.	6,000,000
15	Yfirfara og bæta stígalýsingu á svæðinu milli Vesturbergs og Fjölbautarskólans í Breiðholti	4,000,000
16	Leggja nýjan göngustíg á um 100 metra kafla frá Dvergabakka að Arnarbakka	7,000,000
17	Koma upp ætigarði í efra Breiðholti, á svæði milli Fella- og Hólabrekkuskóla	3,000,000
18	Endurnýja leiktæki og búnað fyrir börn og fullorðna í Fellahverfi samkvæmt leiksvæðastefnu.	15,000,000
19	Gróðursetja tré, runna o.fl. til að fegra umhverfi götunnar Austurbergs	5,000,000
20	Setja hraðahindrun á Flúðasel í gönguleið að leikskólanum Jöklaborg	2,000,000
Alls verðmerkt		126,000,000
Fjárhéimild hverfis		46,564,423
Mismunur		-79,435,577

Þessi 20 verkefni verða kosin um í Breiðholti.

HEILDARLAUSNIR

• Bókhald • Skattframtöl • Ráðgjöf

Tökum að okkur bókhald, launavinnslur, vsk uppgjör og framtalsgerð fyrir fyrirtæki, félagasamtök, húsfélög og einstaklinga.

Bjóðum upp á heildarlausnir • Fast verð þar sem við á.

Heildarlausnir • Álfabakka 14, 3 hæð.

Hafið samband í tölvupósti tsh@centrum.is eða í s. 896 2818

Komdu í þægilegt og gott umhverfi við tökum vel á móti þér

Næg bílastæði
VELKOMIN



Hvað er búið að gera?

Nánast öll verkefni sem samþykkt voru í Breiðholti vegna Betri hverfa hafa verið framkvæmd. Verkefni um bætt mannlíf á milli Heiðarsels og Seljakirkju fór á biðsvæðaverkefni.

Vinnuhópnum sem sá um þetta svæði gekk illa að virkja aðila til samstarfs og því fór verkefnið í bið.

Verkefninu um að grynka tjörnina við Hólmasel til að bæta öryggi barna er ólokið þar sem tjörnin fór undir svell áður en tókst að ráðast í verkið.

Hér fyrir neðan sést hvaða verkefni hafa verið styrkt 2012 og 2013.

Betri hverfi (Hverfapottar) 2012 – Breiðholt, samþykktar framkvæmdir fyrir 32,1 milljón kr.

1.	Setja upp hundagerði á völdum stað í hverfinu	2.500.000
2.	Setja upp upplýsingaskilti um fuglalíf í Elliðaárdal	1.000.000
3.	Gera endurbætur við tjörnina í miðju Seljahverfis	1.000.000
4.	Bæta mannlíf á almenningi milli Heiðarsels og Seljakirkju	1.000.000
5.	Bæta gönguleið við Arnabakka frá Réttarbakka að Núpabakka	250.000
6.	Setja upp æfingatæki í Bakkalundi	2.000.000
7.	Gróðursetja ávaxta- og berjarunna á völdum stöðum í hverfinu	2.000.000
8.	Bæta aðstöðu í Bakkalundi með leiktækjum, gróðri og fl.	5.000.000
9.	Fjarlægja stálboga/hindranir úr vegi gangandi/hjólandi fólks	250.000
10.	Fjölga ruslastömpum í hverfinu á völdum stöðum	1.000.000
11.	Setja ræsi á göngustíg ofan Elliðaárstíflu	1.000.000
12.	Merkja betur undirgöng undir Breiðholtsbraut við Leirubakka	100.000
13.	Endurbæta leiktæki á skólalóð Ölduselsskóla	5.000.000
14.	Setja upp leiksvæði fyrir alla aldurshópa í Engjaseli	5.000.000
15.	Lagfæra leikvelli í Seljahverfi og fjölga ruslastömpum	5.000.000
Samtals		32.100.000

Betri hverfi (Hverfapottar) 2013 – Breiðholt, samþykktar framkvæmdir fyrir 44,5 milljón kr.

1.	Setja upp stórar ruslatunnur við skóla og íþróttasvæði	2.000.000
2.	Lagfæra göngustíga í Efra Breiðholti	10.000.000
3.	Grynka tjörn við Hólmasel til að bæta öryggi barna	1.000.000
4.	Setja bekki og ruslastampa á ýmsa staði í Seljahverfi	4.000.000
5.	Lagfæra skólalóð Breiðholtsskóla	5.000.000
6.	Fjarlægja stálboga/hindranir úr vegi gangandi/hjólandi	1.000.000
7.	Bæta skiðaaðstöðu í Seljahverfi með nestisbekkjum o.fl.	5.000.000
8.	Bæta aðgengi að tjarnarsvæði í miðju Seljahverfi	4.000.000
9.	Gróðursetja tré og runna á opnum svæðum í Bakkahverfi	3.000.000
10.	Fegra umhverfi Breiðholtsbæjarins við Skógarsel	2.000.000
11.	Setja gróður og bekki á svæði sunnan Fella- og Hólakirkju	3.000.000
12.	Lagfæra göngustíg meðfram Brúnastekk 1	2.000.000
13.	Fjarlægja hindranir á stíg við leikskólann Hálsaskóg	1.000.000
14.	Lagfæra göngustíg meðfram Grófarseli 24	1.500.000
Samtals		44.500.000

ALLTAF FULLT BORD AF FERSKUM FISKI OG FISKRÉTTUM

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.



NÝTT NÝTT

Nýjar vörur
daglega.
Verðhrun á útsösluslám.

Verið velkomnar


Fröken Júlía
Mjódd - S. 557 5900

Breiðholtsbúar: Ökuskólinn í hverfinu ykkar. Auk hefðbundins réttindanáms bíður Ökuskóinn í Mjódd upp á eftirfarandi fjölda námskeiða m.a.

- Ætlar þú að fara með ökunema í æfingaakstur?
Við bjóðum upp á sérstakt leiðbeinendanámskeið vegna æfingaaksturs á tveggja vikna fresti.
- Þarf þú að bæta þekkingu þína á nýjungum í umferðinni?
Bjóðum upp á bæði fræðilega og verklega þjálfun.
- Bóklegt nám fyrir alla flokka ökunáms.
- Meirapróf.
- Nýjung, ökuhermar notaðir við kennslu.
- Fagmennska í fararbroddi.



Upplýsingar og innritun í síma 567 0300. Opið 10–17 alla daga.

Uppbygging Efra-Breiðholtsins

Breiðholtsblaðið hefur að undanfögnu birt kafla úr sögu hverfisins. Her er komið að næst síðasta kafla þessarar söguskoðnar þar sem fjallað er um uppbyggingu Efra Breiðholtsins eða Fella- og Hólahverfisins. Í þessari grein kemur vel fram hvaða hugsun var ríkjandi á þessum tíma sem skildi eftir sig bæði kosti og galla byggðarinnar og þá ekki síður það sem síðar reyndust vera gallar sem höfðu áhrif á byggðamyndum. Höfundur þessarar greinar er Ólafur Bragason.

Í upphafi skipulagsvinnunar í Breiðholti III (Efra-Breiðholti) var ákveðið að öll hús Framkvæmdanefndar byggingaráætlunar ætti að reisa í sama hverfishluta svo hægt væri að nota stórvirkar vinnuvélar eins og krana á braut til að flýta verklokum og lækka kostnað. Húsunum var valin staður í Fellahverfi. Þar er stutt niður á klöpp og tiltölulega slétt svo að undirbúningskostnaður var ekki mikill.

Ódýr byggð á sanngjörnu verði

Nefndarmenn lögðu ríka áherslu á það við skipulagshöfunda að hverfið ætti að vera sem ódýrast í uppbyggingu svo hægt yrði að selja íbúðirnar á sem sanngjörnu-verði. Fyrstu hugmyndir skipulagshöfundanna gengu út á að blanda saman lágri fjölbýlishúsabyggð, þriggja hæða húsum, og raðhúsum sem ýmist áttu að vera ein eða tvær hæðir. Framkvæmdanefndin féll síðar frá þessum hugmyndum og voru raðhúsin öll á einni hæð og lóðirnar seldar einkaaðilum sem stuðlaði að félagslegri blöndun hverfisins. Fram kemur í greinargerð frá þessum tíma að eftirspurn eftir tveggja hæða raðhúsum var ekki mikil. Einnar hæðar raðhús voru vinsælli þar sem þau voru léttari í umgengni, þeim fylgdi stærri lóð og þau voru hagstæð fyrir „sjálfbyggja“. Upphaflega hugmyndin að byggja einnar og tveggja hæða raðhús við hlið þriggja hæða blokka hefði skapað heildstæðara hverfi en það sem varð niðurstaðan. Hinn mikli hæðarmunur á annars vegar einnar hæðar raðhúsum og hins vegar fjörrurra hæða fjölbýlishúsum í Fellahverfi býr til skörp skil á milli húsgerða.

Of dýrt að byggja U-laga

Reynslan í Breiðholti I (Neðra-Breiðholti) hafði kennt Framkvæmdanefndinni að dýrt var að byggja U laga hús og frábað hún sér því strax í upphafi allar slíkar áfingar. Einnig hafði komið í ljós að einn dýrasti þátturinn í hverju húsi voru gaflarnir og því var lögð áhersla á að hafa sem fæsta gafla í hverfinu. Varð það niðurstaða arkitekta og skipulagshöfunda að hanna langar blokkir sem væru algjörlega án uppbrota. Modernistar höfðu lengi hrifist fyrir hinni löngu óbrotnu línu og nú fékkst tækifæri til að reisa hús sem náði samfelldu í 300 metra frá austri til vesturs og stendur við hvorki meira né minna en þrjár götur og telur 20 stigaganga. Sunnan við húsið risu svo styttri lengjur sem teygðu sig frá norðri til suðurs með allt að sex stigaganga. Austast og vestast á svæðinu eru þó enn lengri blokkir með 8 og 10 stigaganga. Hlaut blokkir langa gælunafnið „langavitleysa“. Að sögn eins skipuleggjandans var einn kosturinn við að hafa húsið svona langt og án undirganga að það stýrði umferð gangandi vegfarenda út úr hverfinu, sérstaklega vonuðu skipuleggjendurnir

að húsið beindi umferð gangandi skólabarna að ákveðinni gangbraut. Löng hús má finna víðar en í Breiðholti og hafa þau sjaldan þótt koma vel út. Þau þykja skera hverfi í sundur og virka líkt og gjár í landslagi, verða hindrun gangandi vegfarendum og loka á útsýni.

Þegar um jafn stórt og fjölmennt hverfi og Efra-Breiðholt er að ræða þá er það ekki deiliskipulagt í einu lagi heldur eru í upphafi lagðar meginlínur um staðsetningu og stærð húsa en síðan fyllt upp í smátt og smátt. Í upphafi var ákveðið að í austurhluta hverfisins ætti að vera blönduð byggð fjöl og einbýlishúsa.

Hugmyndir um átta hæða blokkir

Áherslur breyttust nokkuð frá því að fyrstu línur voru lagðar um 1967 þar til svæðið var endanlega skipulagt um 1975. Blokkirnar vour lækkaðar úr átta hæðum í þrjár og fyrirkomulagi einbýlishúsanna breytt, þannig að í stað þess að reisa húsin við götur voru þau byggð umhverfis einskona torg, í þyrpingum. Eru þessar breytingar mjög í anda breyttra áherslna í skipulagi er komu fram á 8. áratugnum og hafa verið kenndar við póstmóðernisma, afturhvarf til fortíðar þegar byggðin var þétt og lág. Útlit húsanna hafði einnig breyst, þung steinsteypan sem einkenndi einbýlishúsin í hverfinu í upphafi ásamt þykkum þakköntum og þökum með litlum halla vék fyrir húsum með háu rispaki og hefðbundnara útliti.

Einsleit íbúasamsetning

Einn hluti Efra-Breiðholts fékk sérstaklega harða gagnrýni, Fella-hverfið, sem var meginathafnasvæði Framkvæmdanefndar byggingaráætlunar og þar sem jafnframt var stærstur hluti leiguíbúða Reykjavíkurborgar. Hverfið þótti of einsleitt, íbúðasamsetningin einsleit og hverfið allt of afmarkað félagslega. Og ekki var laust við að þeir væru stundum litnir hornauga sem festu sér Framkvæmdanefndaríbúð. Einn íbúinn í Fellunum komst m.a. svo að orði skömmu fyrir jól 1977 þegar hann lýsti slíkum viðhorfum: „Það er eins og sumir líti niður á okkur fyrir að hafa ekki keypt íbúð á frjálsum markaði. Okkur finnst það aðalatriði að hér eigum við öruggt athvarf sem ekki verður metið til fjár, og þótt við vinnum mikið, yrðum við að vinna allan sólarhringinn ef við ætluðum að kasta okkur út í húsbyggingu eða festa kaup á íbúð á frjálsum markaði.“ Undir þetta sjónarmið gátu margir tekið, fyrir mestu var að búa við öryggi.

Ný gerð byggingakrana

Tæknilegar ástæður réðu miklu um það að flestar Framkvæmdanefndaríbúðirnar voru byggðar á samfelldu svæði í Fellunum. Nefndin tók í sína þjónustu nýja gerð af byggingarkrönum því ætlunin var að byggja hratt og því var hagkvæmast að beita fjöldaframléiðsluaðferðum. Þannig virtist meira hugsað um hagkvæma byggingarhætti og að ná niður kostnaði þegar Fellahverfið var skipulagt en hugsanleg áhrif þess að byggja svo margar leiguíbúðir borgarinnar. Hverfið fékk því fljótlega nokkra sérstöðu í Reykjavík, ekki eingöngu vegna þess að hópur láglaunafólks virtist þar hlutfallslega stærri en í öðrum borg-



Fella- og Hólakirkja stendur í útjaðri Fellahverfis. Í upphfi var gert ráð fyrir að tvær kirkjur risu í Breiðholti III. Fellakirkja á þeim stað sem Fella- og Hólakirkja stendur í dag en Hólakirkja þar sem þriðju hluti Hólagarðs er nú. Hætt var við þessi áform og í stað þeirra byggð ein kirkja fyrir Fella- og Hólahverfi. Mynd: Guðmundur Hafsteisson.

arhlutum heldur voru einstæðir foreldrar fleiri í Efra-Breiðholti en annars staðar. Árið 1977 voru t.d. um 15% einstæðra foreldra í Reykjavík búsettir þar og nærri fimmtungur barna í hverfinu var á þeirra vegum. Tíu árum síðar höfðu hlutfallstölurnar hækkað. Árið 1978 komst einn íbúinn í Efra-Breiðholti m.a. svo að orði: „Fjölskylduaðstæður eru ef til vill að mörgu leyti óeðlilegar. Það eru t.d. til stigagangar í blokkum þar sem enginn fullorðin karlmaður býr. Þar búa einungis einstæðar mæður.“ Og hann hélt áfram: „Vitneskjan um þessar aðstæður gefur alls kyns sögum byr og á þessu er alið í fjölmiðlum. Staðreyndin er hins vegar sú að hér býr ekkert öðru vísi fólk en annars staðar.“ Þannig ýttu aðstæðurnar undir ýmsar ranghugmyndir um hverfið, en vissulega skapaði samþjöppunin ákveðna erfiðleika.

Markús Örn Antonsson þáverandi borgarfulltrúi ritaði m.a. árið 1977: „Ég dreg enga dul á þá skoðun mína að bygging leiguhúsnæðis Reykjavíkurborgar og húsa Framkvæmdanefndarinnar í (Fellahverfi) sem ætlaðar voru efnaminna fólki, var umdeilanleg aðgerð út frá félagslegum sjónarmiðum.“ Og hann hélt áfram: „Framkvæmdirnar voru nauðsynlegar og fjárhagslega hagkvæmar miðað við aðrar leiðir en ókosturinn var að safna saman á svo takmarkað svæði fólki, sem margt hefur átt við erfið vandamál að glíma.“

Sumir þeirra sem komu við sögu skipulagsins og framkvæmdanna lýstu þeirri skoðun sinni síðar að hentugra hefði verið að dreifa byggðinni meira, draga úr þéttbýlinu og flétta í auknum mæli saman í einu og sama hverfinu ólíkar húsagerðir, mismun-

andi aldurshópa og ólíka þjóðfélagshópa. Það var einmitt sú stefna sem varð ofan á við skipulagningu þriðja og síðasta hluta Breiðholtsins, Seljahverfis. Og borgaryfirvöld hættu líka fljótlega að byggja margar leiguíbúðir á sama stað, og dreifðu heldur leiguhúsnæði sínu vítt og breitt um borgina. Þau reyndu jafnframt að halda meira jafnvægi í nýrri byggð með tilliti til ólíkra stétta.

Heimildir:
BYGGT YFIR HUGSJÓNIR, BREIÐHOLT, FRÁ HUGMYND AÐ VERULEIKA, Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús, febrúar – maí 2002.



Margt öflugt fólk hefur alist upp í Efra Breiðholti. Þessar skólasystur hafa haldið félagsskap allt frá skólaárum í Fellaskóla og kalla sig Saumó systur og er myndin tekin af þeim á góðri stundu. Efri röð frá vinstri: Hólmfríður Svavarsdóttir, Úlfhildur Elisdóttir, Sunna Guðlaugsdóttir, Auður Andrésdóttir, Ásta Margrét Grétarsdóttir og Anna Hansdóttir Neðri röð f.v.: Hadda Björk Gísladóttir, Linda Hannesdóttir, Margrét Á. Ósvaldsdóttir og Bryndís S. Halldórsdóttir. Á myndina vantar Ingunni Þorláksdóttur.

Í Breiðholti á öskudaginn

Nú líður að Öskudegi en í ár er hann 5. mars. Ýmis foreldrafélög grunnskóla í Breiðholti hvetja heimilin til að taka virkan þátt í Öskudagsskemmtuninni í ár. Sú skemmtilega hefð að börn klæðist búningum og syngi fyrir fullorðna á Öskudag hefur smám saman verið að festa sig í sessi.

Í stað þess að börnin fari í verslunarmiðstöðvar eða miðbæinn er lagt til að börnin fái tækifæri til að sýna sig og sjá aðra í hverfinu sínu. Þannig má skapa öruggara umhverfi fyrir börnin okkar og efla samstöðu í hverfinu. Hugmyndin er nú þegar í framkvæmd í nokkrum hverfum borgarinnar með góðum árangri. Eftirfarandi leiðbeiningar eru fyrir þá sem hafa áhuga og tök á að taka þátt: Tryggið að einhver sé heima þegar börn ganga í hús seinnipartinn. Prentið út miða, sem sendur verður í tölvupósti til foreldra. Setjið miðann á hurð eða í glugga á áberandi stað. Vinsamlegast gætið hófs við úthlutun sælgætis og athugið að kex, smákökur, ávextir og grænmeti er líka vel þegið sem og límmiðar eða annað smálegt. Athugið að börnin eiga aldrei að fara inn í íbúðir eða hús svo ekki bjóða þeim inn. Við hvetjum foreldra

Öskudagur Við tökum vel á móti öllum börnum!



til að fylgja yngri börnum sínum þegar þau taka í fyrsta sinn þátt í þessum skemmtilega leiðangri,

jafnvel í búningum eða fá eldri systkini til að ferðast með þeim.

Stórglæsilegur Domino's staður í Lóuhólum



Glæsilegar innréttingar og glaðlegt viðmót mæta fólki í Domino's í Lóuhólum.

Domino's Pizza í Lóuhólum hefur verið breytt og er hann nú orðinn stórglæsilegur. Er það er liður í að uppfæra aðra staði hjá fyrirtækinu sem unnið verður að á næstunni.

Anna Fríða Gísladóttir markaðsfulltrúi Domino's Pizza segir að ákveðið hafi verið að breyta staðnum vegna þess að með því að hafa notalegri verslanir upplifi viðskiptavinir þjónustuna betur.

Á nýja staðnum er öll matreiðsla sýnileg og t.d. sérstök trappa fyrir börn til þess að fylgjast með. Búðin er hönnuð með nýju útliti í takt við breytta mynd fyrirtækisins. Anna Fríða segir að í framtíðinni muni viðskiptavinir sem sækja pantanir sjá stöðu pöntunar á þar til gerðum skjá t.d. í ofni tilbúin eftir sjö mínútur svo dæmi sé tekið.



Er Menntun núna fyrir þig?

Viltu styrkja stöðu þína? - ráðgjöf, nám og fjölmenning

Menntun núna er tilraunaverkefni menntamálaráðuneytisins, Reykjavíkurborgar og aðila vinnumarkaðarins sem hefur það að markmiði að auka ráðgjöf og stuðning við menntun í Breiðholti. Verkefnið er staðsett í Gerðubergi.

Menntun núna býður upp á:

Ráðgjöf varðandi nám og starf, lesblindur, raunfærni og ríkisborgarrétt.

Opin fræðslukvöld um almenna tölvunotkun, markmiðasetningu og menningarheima.

Nám frá Mímir símenntun: *Íslenskukennsla* og *Íslenska og samfélagið* fyrir innflytjendur, *Grunnmenntaskólinn*, *Þjónusta við ferðamenn* og *Aftur í nám* fyrir lesblinda.

Nánari upplýsingar má finna á <http://reykjavik.is/menntun-nuna>. Einnig má hafa samband við menntun.nuna@reykjavik.is.

Is Education now for you?

Education, counselling and cultural diversity

Education now is a pilot project with the objective to increase and support education. The project is located in Gerðuberg.

Education now offers:

Counselling on vocation and education, skills validation, dyslexia and Icelandic citizenship.

Evening training on practical computer skills, goal setting, cultural diversity etc.

Education from Mímir centre for lifelong learning: *Icelandic courses* and a *Preparation course* for Icelandic citizenship, course on *Icelandic and Society*. Vocational and preparatory courses

Further information are provided on <http://reykjavik.is/menntun-nuna> and by project managers at menntun.nuna@reykjavik.is.

Einkarekið apótek
Lágt lyfjaverð - góð þjónusta



Sogavegi við Réttarholtsveg
Opíð kl. 9-18 virka daga • Sími 5680990 • www.gardsapotek.is

Viking
Kebab Engihjalla 8
Kópavogur

Döner kebab
Lamb, grís og
kjúkling

790,-

Þú velur
einstakar sósur
gerðar af okkur!

Hvítlaufs, sterk, mild eða bland.

Viking Kebab á



We like when You LIKE us :)

Hægt er að panta í gegnum síma og sækja -7766705- (15-30 mín)

Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi og formaður hverfisráðs Breiðholts skrifar:

Allt að gerast í betra Breiðholti

Það er ótrúlega margt að gerast í Breiðholti þessa dagana og framundan eru mörg verkefni sem við hverfisbúar getum valið um að borgin framkvæmi á árinu 2014.

Frá árinu 2012 hafa borgarþúar kosið um framkvæmdir í verkefninu Betri hverfi. Fyrsta árið völdu Breiðhyltingar 15 verkefni að upphæð 32.1. milljónum króna, s.s. hundagerði, upplýsingaskilti, æfingatæki og leiktæki. Árið 2013 völdu íbúar 14 verkefni fyrir 44.5 milljónir króna. Verkefni ársins voru m.a. lagfæring göngustíga, gróðursetning trjáa og runna, fjölgun ruslatunna og fegrun umhverfisins við Breiðholtsbæinn. Eins og fram kom í pistli mínum í síðasta blaði getum við hverfisbúar nú valið milli 20 verkefna að upphæð 46.5 milljónir króna.

Hverfisbúar eru sérfræðingar

Dagana 11. – 18. mars fer fram kosning á Betri Reykjavík milli 20 verkefna sem margir hafa komið að valinu á. En lokaorðið höfum við hverfisbúar, enda erum við sérfræðingar í okkar umhverfi og við vitum best hvað er brýnast. Íbúar geta kosið heima í stofu, ef þeir eru tölvu- og nettengdir, en hverfisráð Breiðholts mun líka bjóða hverfisbúum aðstoð í Mjódd og Hólagarði í kosningavikunni, til að aðstoða þá sem það vilja. Okkar markmið er að sem allra flestir kjósi í Breiðholti,

fleiri en í öðrum hverfum, enda komu flestar hugmyndir þetta árið frá Breiðhyltingum. Við viljum vera best.

Stjörnu-slökun

Síðastliðið laugardagskvöld endaði Vetrarhátíð Reykjavíkur með sundlaugarnótt. Ópið var í nokkrum sundlaugum borgarinnar til miðnættis og ókeypis inn. Í Breiðholtslaug var boðið upp á slökun og stjörnuskoðun að loknu Júróvisjón. Veðurguðirnir voru með Breiðhyltingum í liði þetta kvöld og buðu upp á heiðskíran himinn, tungsljós og norðurljós. Öll ljós í og við laugina voru slökkt. Öðru hvoru héldu laugargestir að gleymst hefði að slökkva á einhverjum ljóskastaranum, en það reyndist þá vera fullt tunglið í sinni skærustu mynd. Ég held ég geti talað fyrir hönd allra í lauginni þetta kvöld þegar ég segi að við vorum sannarlega stjörnuslök. Vonandi verður boðið upp á upplifun á borð við þessa á Breiðholtsdögum í haust og á næstu Vetrarhátíðum. Sjáumst stjörnuslök þegar við kjósum framkvæmdir ársins í ár, fyrir betra Breiðholt.



Björk Vilhelmsdóttir.

Margt að gerast í Hellinum

Fristundaklúbburinn Hellirinn er frístundatilboð fyrir 10 til 16 ára börn með fatlanir og er undir frístundamiðstöðinni Miðbergi. Fristundaklúbburinn er staðsettur í Kleifarseli 18 og það eru 12 börn sem sækja klúbbinn þennan veturinn. Margt um að vera í Hellinum og leitast er við eftir því að efla krakkana félagslega í skipulagðri dagskrá annars vegar og í frjálsum leik hins vegar. Eitt af markmiðum Hellisins er að tengja starfið við almennt félagsmiðstöðvastarf og reynum við því að taka þátt í sameiginlegum viðburðum með félagsmiðstöðvunum í hverfinu í öðrum klúbbum og Samfés.

Yngri hópurinn eða 10 til 12 ára börnin hafa fengið tækifæri til þess að mæta í 10 til 12 ára starf í félagsmiðstöðvunum í Breiðholti og finnst þeim það mjög spennandi. Lögð hefur verið ákveðin áhersla á tengingu eldri hópsins, eða 13 til 16 ára, við félagsmiðstöðvastarfið í vetur.

Síðasta haust átti Hellirinn einn fulltrúa í hönnunarkeppninni Stíl, sem er á vegum Samfés. Þetta er í fyrsta skipti sem Hellirinn tekur þátt og sendu klúbbarnir, Hellirinn og Hofið, sameiginlegt lið að þessu sinni. Okkar fulltrúi, hún Perla Sóley Róbertsdóttir var módelið og stóð hún sig frábærlega eins og þær allar í liðinu. Þema keppinnar í ár var „fortíðin“ og hönnuðu stelpurnar kjól og fylgihluti í anda forngríkkja.

Kvöldopnanir og Halloween-ball

Halloween-ball var haldið í íþróttasalnum í Hofinu fyrir klúbbana síðasta haust, og var mikill metnaður lagður í búningana þetta árið hjá krökkunum og starfsfólki. Þetta er annað árið í röð sem þetta ball er haldið og verður það flottara með hverju árinu. Fyrir jólin byrjuðum við að bjóða unglingum okkar í 8. til 10. bekk, upp á sameiginlegar kvöldopnanir með hinum klúbbunum í borginni. Markmiðið er að bjóða upp á tvær kvöldopnanir í hverjum mánuði og skiptast þær á milli klúbba. Dagskráin á að vera fjölbreytt og



Þema keppinnar í ár var „fortíðin“ og hönnuðu stelpurnar kjól og fylgihluti í anda forngríkkja. Perla Sóley Róbertsdóttir var módelið.

líkjust kvöldopnunum í almennum félagsmiðstöðvum. Ekki er komin mikil reynsla á opnanirnar en þrjár kvöldopnanir eru búnar að vera hingað til og hafa tekið vel. Við sjáum fram á að þær verði enn flottari, fjölmennari og skemmtilegri með tímanum. Samfestingur Samfés er á næsta leiti, eða 7. til 8. mars nk. og ætla tveir unglingar úr Hellinum að fara á þessa skemmtilegu hátíð sem byrjar á balli á föstudagskvöldinu og endar á söngkeppni á laugardeginum. Þetta er í þriðja sinn sem Hellirinn fer með sína unglinga og er ánægjan og skemmtunin alltaf jafn mikil.

Ætla á „Breiðholt got talent“

Farið var með okkar unglinga að horfa á „Breiðholt got talent“ sem er hæfileikakeppni félagsmiðstöðvanna í Breiðholti sem var 14. febrúar. Þetta er einn stærsti viðburður félagsmiðstöðvanna í Breiðholti og myndast mikil stemming í kringum hann.

Eins og hér sést er yfirleitt mikli fjór í kringum krakkana í Hellinum og við erum spennt fyrir komandi tímum!

Fundur með frambjóðendum

Íbúasamtökin Betra Breiðholt munu gangast fyrir fundi með frambjóðendum vegna Borgarstjórnarkosninga á komandi vori. Verður fundurinn haldinn í Gerðubergi miðvikudaginn 9. apríl n.k kl. 19:30.

Íbúasamtökin hafa haldið í þá hefð að bjóða frambjóðendum í borgarstjórnarkosningum og Alþingiskosningum til fundar beint við íbúa. Gert verður ráð fyrir að íbúar geti spurt frambjóðendur um hluti sem snúa að sínu nærumhverfi. Vonast er til þess að íbúar taki þennan tíma

frá og nýti sér það að koma sínum málum að. Einnig eru frambjóðin hvött til að láta vita hverjir muni mæta fyrir hönd frambjóðanna með því að senda tölvupóst á betrabreidholt@gmail.com.

Lóðir Breiðholts og Ölduselsskóla endurgerðar

Boðnar verða út framkvæmdir við endurgerð lóða við Breiðholtsskóla og Ölduselsskóla í Breiðholti. En alls eru fyrirhugaðar endurgerðir og viðbætur við lóðir sex grunnskóla og eins leikskóla í borginni á þessu ári.

Borgarráð samþykkti núverið að bjóða þessar framkvæmdir út og er kostnaður áætlaður

350 milljónir króna. Stefnt er að því að framkvæmdum við þessar skólalóðir verði lokið fyrir upphaf næsta skólaárs, eða í ágúst 2014. Á árunum 2010 til 2013 hefur Reykjavíkurborg staðið fyrir endurgerð á leik- og grunnskólalóðum fyrir samtals 1.131 milljónir króna.





Bjóðum nýja og gamla viðskiptavinum velkomna. Vönduð og góð þjónusta.

Reykjavík

GLERAUGNABÚÐIN

MJÓDD

Álfabakka 14 a - s. 5271515 - Verslun í göngugötu

Velheppnaður Fræðslu- og forvarnardagur FB

Fræðslu - og forvarnardagur FB var haldinn þann 4. febrúar sl. Dagskráin var mjög fjölbreytt og allir fundu eitthvað við sitt hæfi.

Dagurinn hófst með kennslu kl. 8:15 skv. Stundaskrá en í kennslustundunum kl. 9:55 og kl. 11:25 völdu nemendur sér tvo mismunandi hópa til að mæta. Að loknum fyrirlestri eða námskeiði fengu nemendur síðan mætingarmiða sem þeir skiluðu til þeirra kennara sem þeir áttu að vera í tíma hjá næst þegar áfanginn er kenndur. Dagurinn heppnaðist mjög vel en myndir segja ef til vill meira en orð.



Sumir skelltu sér í zúmba í matsal nemenda.



Það var þétt setinn bekkurinn hjá jafningjafræðslunni um kannabisefni og sjálfsmynd ungs fólks.



Hópur nemenda naut þess að fara í jóga.



Það var þétt setinn bekkurinn hjá jafningjafræðslunni um kannabisefni og sjálfsmynd ungs fólks.



Nemendur í félagsfræði skáru ávexti sem boðið var upp á í morgunfrímínútum.

www.breidholt.is

Bakkabræður unnu til verðlauna



Bakkabræður einbeittir í keppninni.

Bakkabræður lið Breiðholtið stóð sig með glæsibrag í önnunar og forritunarkeppnin FIRST LEGO League fór fram í Háskólabíói fyrir skömmu. Liðið vann til verðlauna fyrir hönnun og forritun þjarks og var einnig tilnefnt til verðlauna fyrir dagbók.

Þetta var í fyrsta skipti sem Breiðholtsskóli tekur þátt í keppninni en hún er fjórbætt. Liðin þurfa að leysa þrautir, vinna rannsóknarverkefni, skila dagbók og flytja skemmtiat-

riði. Lið skólans, Bakkabræður, lagði nótt við dag síðustu vikurnar fyrir keppnina og unnu þrekvirkni því eftir þrjár umferðir höfðu þeir tryggt sér sæti í undanúrslitum með fjórðu hæstu stig. Þar stóðu Bakkabræður sig einstaklega vel, leystu allar þær þrautir sem þeir reyndu við og náðu þannig að komast í annað sætið og þar með í úrslitin. Þar þurftu þeir þó að lúta í lægra haldi fyrir öðru tveggja liða Brúarásskóla.

GÁSKI

SJÚKRAPJÁLFUN

Gáski býður Patrycju velkomna til starfa

Patrycja Wielgus
fizjoterapeuta rozpoczęła pracę w klinice fizjoterapii Gąski na obszarze centrum handlowego Mjódd. Wszystkich zainteresowanych zapraszamy do rezerwacji wizyt pod numerem telefonu 568-9009, 864-3441 lub e-mailowo afgreidsla@gaski.is



GÁSKI

SJÚKRAPJÁLFUN

Gáski býður Milicu velkomna til starfa

Milica Mladenovic
Fizjoterapeut na klinici za fizikalnu terapiju Gaski-Mojdd
Sva zakazivanja i informacije na telefon: 5689009 ili na e mail adresu afgreidsla@gaski.is



Tölvur og gögn ehf.

PC & Mac

þekking og reynsla

Persónuleg og traust tölvuþjónusta í Mjódd, sama húsi og Íslandsbanki.



Parabakki 3, Mjódd
109 Reykjavík
Sími: 696-3436
www.togg.is

Leiknisstrákar í Reykjavíkúrvali

Á hverju ári eru strákar á eldra ári í 4. flokki valdir til æfinga með Reykjavíkúrvali. Úrvalið mun í vor leika gegn öðrum úrvölum frá höfuðborgum Norðurlandanna og fer mót-ið fram í Reykjavík í ár.

Að þessu sinni eiga Leiknis-menn fimm stráka í úrvalinu og það eru þeir Sævar Atli, Ísak Richards, Sævin Alexander, Daníel Finns og Benjamin Hoti. Þessir strákar hafa allir verið valdir í 36 manna úrtak sem hefur æft sam-an í febrúar. Þeir eru allir hluti af



Afreksstarfi Leiknis. Þetta er flott afrek hjá strákunum og bindum við vonir við að þeir haldi áfram að bæta sig.

Gulldeild Leiknis haldin í þrettánda sinn

Gulldeild Leiknis er utandeild þar sem spilað er í sjö manna lið-um. Deildin er að fara inn á sitt þrettánda tímabil og er Ólgerðin styrktaraðili að deildinni. Deild-in hefur verið gríðarlega vinsæl undanfarin ár og keppendur á ári hverju um 500 í 40 liðum að sumri til og um 250 í 20 liðum í sérstakri vetrardeild.

Leikið er 2x25 mínútur og fara allir leikir fram á Leiknisvelli. Sumardeildin hefst í byrjun maí og fær hvert lið að meðaltali 12 leiki. Leikið er eftir reglum KSÍ um

7 manna-bolta og leikmenn sem leika í efstu og 1. deild eru ekki löglegir í mótinu. Leikir í deildar-keppninni fara fram í miðri viku en bikarkeppnin er leikin á sunnu-dögum. Þau lið sem hafa áhuga á að taka þátt senda þátttöku-tilkynningu á gulldeildin@gmail.com. Þar þarf að koma fram nafn liðs, tveir tengiliðir, símanúmer og netfang. Greiða þarf staðfestingargjald 25.000.- kr. fyrir 5. mars og fullnaðargreiðsla þarf að berast fyrir 5. apríl. Fyrsti koma fyrstir fá.

Ólafur Hlynur ráðinn þjálfari KB

KB hefur ráðið nýjan þjálfara en hann heitir Ólafur Hlynur Guðmarsson og tók til starfa í byrjun febrúar og mun þjálfa KB út tímabilið.

Ólafur Hlynur er með UEFA-þjálfaramenntun og hefur und-anfarin ár starfað við þjálfun í meistaraflokki kvenna bæði hér á landi og í Danmörku. Í dag starfar hann við þjálfun yngri flokka hjá Breiðabliki og mun þjálfa KB samhliða því. Egill Atlason var þjálfari KB í fyrra en hann hefur nú tekið við sem spilandi þjálfari Reynis í Sand-gerði í 2. deildinni. KB verður í nánú samstarfi við Leikni og munu ungir og efnilegir leik-menn félagsins halda áfram að



Ólafur Hlynur Guðmarsson nýráðinn þjálfari KB.

fá tækifæri í fullorðinsbolta með KB á komandi tímabili. Við bjóðum Ólaf velkominn til starfa.

Opið alla daga frá kl. 11 til 23.

Lóuhólar 4,nálægt Dominospizza Sími: 557 1414

Getraunanr. 111

Leiknir var stofnað 1973

www.leiknir.com

Austurbergi 1, Efra Breiðholti

Fyrsta þorragleði Leiknis

Þorragleði Leiknis var hald-in í fyrsta skipti laugardags-kvöldið 8. febrúar. Uppselt var á þessa fyrstu Þorragleði Leiknis og voru 84 sem sátu til borðs í matnum. Valur Gunnarsson sá um að stýra veislunni en húsið opnaði kl. 19.00. Kl. 20.00 kom maturinn á borð en hann var frábær að mati fólks enda ekki við öðru að búast þegar Jóhann-es Geir Númason og Guðni Már Egilsson kjötiðnaðarmeistarar og Leiknismenn vinna saman í eldhúsinu.

Meistaraflokkur karla var með skemmtiatriði auk þess að sjá um skipulag veislunnar. Strákarnir þjónuðu til borðs, sáu um drykk-ina, dyravörslu, uppvask, tiltekt svo eitthvað sé nefnt. Þeir stóðu sig frábærlega og eiga mikið hrós skilið. Björn Bragi kom um 21.30 og skemmti fólki með frá-bæru uppistandi. Að loknu uppi-standi var dregið úr RISA – Happ-drættinu en allir miðar seldust að þessu sinni, alls 500. Þökkum öllum þeim sem lögðu strákun-um lið með því að gefa vinninga í Hapdrættið. Jón Sigurðsson oft-



Gestir þyrptust að veisluborðinu.

ast kenndur við Idol og 500 kall kom loks og kom fólki í dansgír-inn áður en Þórir Þórisson tók við og hélt partyinu gangandi fram á rauða nótt.

Við þökkum öllum sem komu að skipulagningu og vinnu við

fyrstu Þorragleði Leiknis. Við þökkum fólki fyrir að taka þátt í þessu með okkur og mæta á þennan viðburð sem verður von-andi árlegur hér eftir.

Námsver Leiknis opnar

Leiknir Reykjavík hefur núna frá og með 13. febrúar opnað Námsver Leiknis. Námsverið er opið öllum iðkendum Leiknis og vill félagið þar með auka enn meira þjónustu við iðkendur sína. Leiknir er fyrsta félagið á Íslandi sem býður upp á slíka þjónustu fyrir iðkendur sína.

Iðkendur Leiknis geta komið með heimanámið sitt og unnið það í Leiknishúsinu ásamt öðrum iðkendum. Námsver Leiknis er

hugsað til að auka áhuga iðkenda á náminu, auka námsárangur og einnig veita aðstoð þeim sem ekki hafa aðstöðu heima til að sinna heimanáminu. Allir iðkendur sem eru hluti af Afreksstarfi Leiknis munu nýta námsverið sem hluta af Afreksstarfinu og tengja enn betur saman nám og íþróttir.

Námsverið mun verða starfs-rækt til skólaloka og er gjald-frjálst.

Námsver Leiknis verður á

fimmtudögum milli 16.00 til 17.00 í Leiknishúsinu. Umsjónarkenn-ari er Hrafnhildur Guðjónsdóttir grunnskólakennari við Fellaskóla. Aðstoðarmaður hennar er Birkir Björnsson stuðningsfulltrúi við Fellaskóla og leikmaður meist-araflokks Leiknis. Við hvetjum alla iðkendur Leiknis til að nýta sér þessa frábæru þjónustu sem Námsver Leiknis er.

www.leiknir.com

ÍR- og Leiknisvörur

Enskar fótboltavörur

Leikföng í úrvali

Leiksport

Sími 5575020

Hólagarði

ÍR bikarmeistari innanhúss

ÍR varð sigurvegari dagsins bikarkeppni FRÍ innanhúss í frjálsíþróttum eftir hörkuspennandi keppni við lið norðurlands, ÍR hlaut 145 stig á móti 141 stig norðanmanna. Karlalið ÍR varð bikarmeistari með 4 stiga sigri á liði norðurlands en í kvenna-keppninni urðu ÍR konur sigurvegarar með jafnmörg stig og lið norðurlands, 70 talsins, en ÍR konur unnu fleiri titla, 5 á móti 4 og sigruðu því stigakeppnina. Kvinnalið FH varð í 3. sæti 6 stigum á eftir.

ÍR sigur vannst í stangarstökki kvenna og karla en þar voru á ferð þau Bogey Ragnheiður Leósdóttir og Mark Johnson. Arna Stefánía Guðmundsdóttir sigraði í 60m grindahlaupi og 400m, Thelma Lind Kristjánsdóttir sigraði í þristökki, Hrafnhild Eir Hermóðs-



Bikarmeistarar ÍR í frjálsum íþróttum innanhús.

dóttir vann 200m og Kári Steinn Karlsson sigraði 1500m. Öll úrslit og einstakan árangur keppenda á

www.fri.is mótaforrit Til hamingju ÍR-ingar, þjálfarar og stuðningsmenn.

Helga Dagný ráðin þjálfari 5. flokks kvenna

Kvinnaráð ÍR/Leiknis hefur ráðið Helgu Dagnýju Bjarnadóttur sem þjálfara 5. flokks kvenna. Helga mun einnig spila með m.fl. ÍR sem spilar í 1. deild kvenna í sumar. Helga er uppalin í Breiðholtinu og hefur ávallt leikið með ÍR, fyrir utan stutt stopp í Grinavík og Aftureldingu.

Þrátt fyrir ungan aldur þá hefur Helga leikið 102 leiki í m.fl og skorað 5 mörk. 92 leikjanna hafa verið með ÍR en einnig lék hún með Aftureldingu og Grindavík. Þetta er fyrsta starf Helgu sem þjálfara, en kvinnaráð ÍR/Leiknis gerir sér vonir um að þetta sé upphafið að farsælum ferli á þeim vígstöðvum.

Stúlkur sem fæddar eru 2002 og 2003 æfa með flokknum. Við hvetjum allar stelpur í 5. og 6. bekk að kíkja á æfingu og prófa að æfa fótbolta.



Fimmti flokkur kvenna.

Æfingataflan lítur þannig út:
Mánudagur kl. 17:30 – 18:30
ÍR völlur

Þriðjudagur kl. 17:20 – 18:30
Egilshöll
Föstudagur kl. 16:30 – 17:30
ÍR völlur.

Aníta Hinriksdóttir varð fjórða á Millrose Games

Aníta Hinriksdóttir varð fjórða á Millrose Games einu þekktasta innanhússmóti heimsins í frjálsíþróttum laugardaginn 15. febrúar en mótið hefur verið haldið í New York allt frá árinu 1908. Á mótinu mætti Aníta mjög sterkum andstæðingum.

Aníta hljóp gott hlaup og varð í 4. sæti í hörkuhlaupi þar sem hún sýndi hugrekki og ákveðni þó svo að það hafi ekki dugað til sigurs í þetta sinn. Tími Anítu var 2:02.66 mín. Ajee Wilson sigraði og hún hljóp á nákvæmlega sama tíma og Aníta á best 2:01.81 mín sem hún hljóp hér heima 29. janúar fyrir fullri Laugardalshöllinni. Önnur varð Jenna Westaway á 2:01.89 mín og þriðja varð Natoya Goule frá Jamaica en hún hjóp 2:02.44 mín. Aníta var fyrir hlaupinu áfram með Ajee. Ajee þessi varð heimsmeistari unglinga árið 2012 og 8. á heimslistanum fyrir árið 2013. Besti tími Ajee í 800m er 1:58,21 mín. Annar keppandi, Natoy Goule frá Jamaica, á einnig



Aníta hefur oft náð góðum árangri á hlaupabrautinni.

betri tíma en Aníta, eða 1:59,33 mín og var hún í 31. sæti á heimslistanum árið 2013 á meðan Aníta var í 44. sæti með sinn besta tíma

2:00.49 mín sem hún hljóp 30. júní 2013 í Mannheim í Þýskalandi.

Sopot í Póllandi næst

Stærsta verkefni innanhúss-tímabilsins hjá Aníta Hinriksdóttur verður í Sopot í Póllandi eftir 18 daga. Þá keppir hún í 800 metra hlaupi á heimsmeistaramóti fullorðinna innanhúss sem þar fer fram dagana 7. til 9. mars. Þar glímur hún væntanlega aftur við Ajee Wilson, heimsmeistara unglinga frá 2012. Þær deila þar með 7-8. sætinu á heimslista fullorðinna á þessu ári. Aníta varð fjórða á 2:02,66 mínútum sem er næstbesti árangur hennar í greininni. Aníta mun mæta fleirum af þeim bestu í heiminum í Sopot en sex efstu á heimslistanum í ár eru allt Evrópubúar. Þar er fremst í flokki Laura Muir frá Bretlandi, sem hljóp á 2:00,94 mínútum í Glasgow í síðasta mánuði. Hún er eini keppandinn í heiminum undir 23 ára aldri sem er með betri tíma en Aníta og Wilson á þessu ári.



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur
Skógarseli 12 • Sími 587 7080
Tölvupóstur: ir@ir.is
Heimasíða: ir.is

Um 900 manna þorrafagnaður

Þorrafagnaði ÍR var haldinn laugardaginn 18. janúar. Þorrafagnaðurinn er gott dæmi um hvaða árangri er hægt að ná í félagsstarfi með samstilltu átaki allra ÍR-inga. Á þorrafagnaðinum erum öll í einni og sömu deildinni þegar stórir atburðir gerast innan félagsins.

Framkvæmd atburðar af þessari stærðargráðu er stórt verkefni sem verður að veruleika með framlagi yfir 200 sjálfboðaliða við undirbúning, framkvæmd og frágang. Yfir 700 ÍR-ingar mættu á þorramatinn og um 200 komu á

dansleikinn á eftir. Allir komu með góða skapið og réttu stemminguna til að eiga góða stund saman. Í dag er þorablótið stærsti viðburðurinn í stærsta hverfi borgarinnar. Margir hafa minnst á að þetta er orðin endurfundasamkoma íbúa sem margir eiga að baki grunn-skóla- og framhaldsskólagöngu í hverfinu, hafa verið iðkendur og félagsmenn í ÍR og eiga nú gjarna iðkendur í yngri flokkum félagsins. Þegar er farið að undirbúa næsta þorrafagnaði ÍR sem verður haldinn 17. janúar 2015.



ÍR-ingarnir Ástrós og Magnús eru Íslandsmeistarar einstaklinga í keilu

ÍR-ingarnir Ástrós Pétursdóttir og Magnús Magnússon tryggðu sér í vikunni Íslandsmeistaratitla einstaklinga í keilu þegar þau sigruðu meistarastarfa árs þau Dagnýju Eddu Þórisdóttur KFR og Hafþór Harðarson ÍR í úrslitakeppni mótsins. Þetta var í fyrsta sinn sem Ástrós hampar titlinum, en í sjötta skiptið sem Magnús tryggir sér titilinn en hann vann hann síðast árið 2007.

Ástrós var í harðri keppni um efsta sætið við Dagnýju Eddu allt mótið og var í 2. sæti þegar úrslitin hófust og þurfti því að vinna Dagnýju í þremur leikjum til að tryggja sér titilinn. Keppnin var spennandi allan tímann. Ástós

vann fyrsta leikinn með 199 á móti 181, Dagný vann annan leikinn með 211 á móti 205 og Ástrós vann síðan næstu tvo leiki með 210 á móti 198 og 173 á móti 168. Magnús hélt efsta sætinu í karlaflokki frá fyrsta degi í forkeppninni og hafði góða forystu á næstu menn þegar kom að úrslitakeppninni. Honum nægði því að vinna tvo leiki í úrslitinum. Í úrslitunum var mikil spennu og Hafþór byrjaði á því að vinna fyrsta leikinn með 199 á móti 183. Magnús vann síðan næstu tvo leiki með miklum yfirburðum og frábærri spilamennsku með 244 á móti 129 og 235 á móti 170.



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:

Mánud. Þriðjud og Miðvikud.
12:00 til 15:00

Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30

Föstudaga
13:00 til 19:30

Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00

Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudags
10:00 til 15:00



GETRAUNANÚMER

ÍR ER 109

BÆTTU SMÁ GLASGOW Í LÍF ÞITT

Verð frá **19.800*** kr.
Þessi ferð gefur frá 1.500 til 4.500 Vildarpunkta aðra leiðina.



Tjörnin er ekki nafli andaheimisins

Skoskar endur í Glasgow halda því fram að Green Park og Doulton gosbrunnurinn séu miklu betri staður. Þúsundir Íslendinga, sem heimsækja Glasgow á hverju ári, eru á sama máli. Þeim finnst þeir hvergi fá betra tækifæri til að fyllast af andagift og freyðandi fjöri en einmitt í borginni á bökkum Clyde. Og það verður að viðurkennast að skoskir sekkjapípuleikarar hafa það fram yfir kriur að þeir ganga í pílsum.

+ Bókaðu núna á icelandair.is

PEOPLE
MAKE
GLASGOW

[f](#) [t](#) [You](#) [Tube](#) [i](#) Vertu með okkur

ICELANDAIR 

* Innifalið: Flug aðra leiðina og flugvallarskattar.